

Dags eftirlits	5.6.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Nesvegur 5 ehf.	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Hellnafelli 6	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	510416-0230	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli Ólafsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirliti: 1) Ársyfirliti var ekki skilað inn. 2) Ekki er hægt að reikna heildarlosun á fosfór og nitri.

Engin eldri frávik voru opin við eftirlit.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Starfsleyfið tekur til seiðaðis laxfiska á Ásmundarnesi í Bjarnarfirði. Ársframleiðsla skal að hámarki vera 45 tonn og lífmassi í stöðinni á hverjum tíma má ekki fara yfir 45 tonn.

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Fylgiskjöl

- Sjö frávik komu fram í eftirliti árið 2024 og er þeim öllum lokað.
- Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.
- Rekstraraðili er með umhverfismarkmið. Ársyfirliti hefur ekki verið skilað inn og er það frávik frá starfsleyfi. Rekstraraðili var minntur á að það á að skila inn ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert.
- Mælingar voru teknar í hámarks og lágmarkslífmassa árið 2024. Ekki er hægt að reikna út heildarlosun á fosfór og nitri fyrr en búið er að skila inn gögnum og er það því frávik frá grein 4.1 í starfsleyfi.
- Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs er til staðar og áætlun um meðhöndlun úrgangs. Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004.
- Stöðin lítur vel út að innan. Ennþá eru framkvæmdir á svæðinu í kringum stöðina.
- Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olúskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 4.4 í starfsleyfi.

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár

hvert. Ársyfirlit fyrir árið 2024 hefur ekki ennþá skilað sér inn til Umhverfis- og orkustofnunar.

gr. 4.1 í starfsleyfi.

Rekstraraðili skal skila útreikningum vegna fosfórs og niturlosunar í frárennsli. Engin gögn hafa skilað sér til Umhverfis- og orkustofnunar svo hægt sé að reikna út losunina.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Reykjavík, 26.06.2025

Auður Eyberg Helgadóttir